

# Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2020, föstudaginn 16. október kl. 09:10, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 793. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Helena Stefánsdóttir og Vigdís Þóra Sigfúsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Lilja Grétarsdóttir, Ingvar Jón Bates Gíslason, Björn Ingi Edvardsson, Hulda Einarsdóttir, Sólveig Sigurðardóttir, Haukur Hafliði Nínuson, Ólafur Melsted, Hildur Gunnarsdóttir og Guðlaug Erna Jónsdóttir.

Ritari var Harri Ormarsson.

## Þetta gerðist:

- Borgartún 8-16A (Katrínartún 6), (fsp) (01.220.1)** Mál nr. SN200637  
Skjalnr. 5902  
*atvinnuhúsnæði*  
520613-1370 Höfðatorg ehf., Borgartúni 3, 105 Reykjavík  
680504-2880 PK Arkitektar ehf., Brautarholti 4, 105 Reykjavík  
Lögð er fram fyrirspurn Höfðatorgs ehf. dags. 6. október 2020 ásamt bréfi dags. 6. október 2020 um uppbyggingu á byggingarreit H3/G3 á lóð nr. 8-16A við Borgartún og þá fyrst og fremst um tegund byggingarinnar sem atvinnuhúsnæði. Einnig er lagt fram teikningahefti PK Arkitekta ehf. (aðaluppdrættir og þrívíddarmyndir) dags. 6. október 2020.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
- Seljaland 1-7, (fsp) nr. 3 - fjölgun íbúða (01.871)** Mál nr. SN200609  
Skjalnr. 13750  
Vilborg Gunnarsdóttir, Seljaland 3, 108 Reykjavík  
670973-0189 Seljaland 3, húsfélag, Seljalandi 3, 108 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Vilborgar Gunnarsdóttur dags. 30. september 2020 um fjölgun íbúða í húsinu nr. 3 á lóð nr. 1-7 við Seljaland um fjórar sem felst í að breyta íbúðarherbergjum í kjallara hússins í íbúðir.  
Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. október 2020.  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 16. október 2020.*
- Vesturberg 195, breyting á skilmálum (04.660.8)** Mál nr. SN200594  
Skjalnr. 7313  
*deiliskipulagi*  
Ársæll Vignisson, Hamraborg 18, 200 Kópavogur  
540169-3229 Fylkir ehf., Grensásvegi 50, 108 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. október 2020 var lögð fram umsókn Ársæls Vignissonar dags. 22. september 2020 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Breiðholts 3, vestur- og miðdeild, með síðari breytingum vegna lóðarinnar nr. 195 við Vesturberg. Í breytingunni felst hækkun á nýtingarhlutfalli lóðarinnar þannig að rými á fyrstu hæð verði opnuð, samkvæmt tillögu Fylkis ehf. dags. 20. september 2020. Einnig er lögð fram grunnmynd Ársæls Vignissonar dags. 15. september 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Vesturbergi 191, 193 og 199 og Vesturhólum 1.*  
*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6.gr., sbr. gr. 12. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*

4. **Brautarholt 4-4A, Íbúðarhúsnæði og þjónusta/verslun - BN052434** (12.412.03) Mál nr. BN057715  
Skjalnr. 9198  
670716-0900 V Tólf Fasteignir ehf., Hólfgerði 2, 200 Kópavogur  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. október 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 6. október 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja einnar hæðar viðbyggingu á bakhlið, stækka og síkka glugga og koma fyrir svölum á báðum hliðum, koma fyrir lyftu og innrétta 16 íbúðir á 2. - 4. hæð og verslun og sameiginlegt þvottahús á jarðhæð, einnig til að byggja einnar hæðar byggingu að lóðamörkum í austur og suður þar sem innréttað verður hjólageymsla og geymslur íbúða með verönd á þaki á og við hús nr. 4, mhl. 01 á lóð nr. 4-4A við Brautarholt, samkvæmt uppdr. T.ark arkitekta ehf. dags. 21. febrúar 2017 síðast br. 12. október 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra. og er nú lagt fram að nýju.  
Erindi fylgir greinargerð hönnuðar um algilda hönnun dags. 21. febrúar 2017, samþykki meðlóðarhafa dags. 12., 13. og 18. maí 2020, bréf hönnuðar dags. 29. september 2020 og tillaga að nýju lóðarblaði mótt. 29. september 2020. Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 14. ágúst 2020 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. ágúst 2020 og bréf skipulagsfulltrúa dags. 17. ágúst 2020. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. október 2020.  
Stækkun: 208,3 ferm., 604,7 rúmm. Eftir stækkun, A-rými: 1.182,8 ferm., 3.987,7 rúmm. B-rými: 18,8 ferm., 53,5 rúmm. Gjald kr. 11.200  
*Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 16. október 2020 er samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Brautarholti 4 og 6, Skipholti 1, 3 og 5 og Mjólnisholti 12 -14, þegar lagfærðir uppdrættir hafa borist.*  
*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*
5. **Nýlendugata 14, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.131.1) Mál nr. SN200621  
Skjalnr. 11931  
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn THG Arkitekta ehf. dags. 7. október 2020 ásamt bréfi dags. 7. október 2020 um breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits vegna lóðarinnar nr. 14. við Nýlendugötu sem felst í endurbótum og breytingum á þaki og útliti hússins ásamt hækkun á neðri hluta hússins, samkvæmt tillögu THG Arkitekta ehf. dags. 7. október 2020.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
6. **Seljavegur 2, Fjölbýlishús - S4 - S8, 102 íbúðir, verslun- og þjónusta auk bíla- og geymslukjallara.** (11.301.05) Mál nr. BN058098  
Skjalnr. 7418  
620617-2370 Grandinn - Íbúðafélag ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík  
Á fundi skipulagsfulltrúa 25. september 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 22. september 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja fjölbýlishús á sex hæðum, mhl-05, á reitum S4-S8, samtals 102 íbúðir, verslunar- og þjónusturými á 1. hæð og bíla- og geymslukjallara á lóð nr. 2 við Seljaveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. október 2020.  
Erindi fylgir greinargerð Mannvits um hljóðvist, útg. 1.0, dags. 25. ágúst 2020, lóðauppdráttur dags. 19. ágúst 2019, hæðablað dags. 4. mars 2020 og forteikningar hönnuða dags. 25. ágúst 2020. Einnig minnisblað frá hönnuði og varmatapsútreikningar dags. 3. september 2020, brunahönnun frá Brunahönnun slf., dags. 3. september 2020, minnisblað Eflu um fjölda bílastæða á Seljavegi 2 dags. 8. júní 2020 og samþykki eigenda dags. 25. ágúst 2020, greinargerð lóðahönnuðar ódagsett, minnisblað hönnuða

um breidd bílastæða dags. 17. september 2020, ódagsett bréf hönnuðar með yfirliti yfir breytingar og minnisblað hönnuðar vegna aðkomu viðbragðsaðila á byggingartíma dags. 17. september 2020. Stærðir: 10.268,3 ferm., 34.402,0 rúmm. Gjald kr. 11.200  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. október 2020 samþykkt.*

7. **Hlaðbær 5, (fsp) bílskúr** (04.353) Mál nr. SN200638  
Skjalnr. 14354  
Benedikt Marinó Ólafsson, Hlaðbær 5, 110 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Benedikts Más Ólafssonar dags. 12. október 2020 um að setja bílskúr vestan við húsið á lóð nr. 5 við Hlaðbæ.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
8. **Ólafsgesli 2-6, (fsp) nr. 2A - fjölgun íbúða** Mál nr. SN200636  
Skjalnr. 10371  
Margrét Guðjónsdóttir, Ólafsgesli 2A, 113 Reykjavík  
Lögð er fram fyrirspurn Margrétar Guðjónsdóttur dags. 5. október 2020 um fjölgun íbúða í húsinu nr. 2A á lóð nr. 2-6 við Ólafsgesla um eina sem felst í að gera sér íbúð á jarðhæð. Einnig er lögð fram skissa af jarðhæð hússins. Jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. október 2020.  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 16. október 2020.*
9. **Brekkustígur 9, Stækkun húss og breyting lóðar** (01.134.202) Mál nr. BN057519  
Skjalnr. 6440  
521108-1180 Ö44 ehf, Pósthólf 17, 121 Reykjavík  
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 28. apríl 2020 þar sem sótt er um leyfi til að breyta lóðamörkum milli lóða Öldugötu 44 og Brekkustígs 9, einnig er sótt um leyfi fyrir viðbyggingu við núverandi hús og gera rishæð, tvær íbúðir verða í húsinu í stað einnar og gerður nýr inngangur frá garði með útitröppum, anddyri og svölum á húsi á lóð nr. 9 við Brekkustíg. Erindi var grenndarkynnt frá 2. júní 2020 til og með 30. júní 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Gunnar Helgi Kristinsson og María Jónsdóttir dags. 15. júní 2020, íbúaráð Vesturbæjar dags. 19. júní 2020, Heiðrún Kristjánsdóttir f.h. 20 íbúa að Brekkustíg, Bræðraborgarstíg, Drafnarstíg og Öldugötu dags. 20. júní 2020, Vilhjálmur Guðlaugsson og Edda Guðmundsdóttir dags. 25. júní 2020, Heiðrún Kristjánsdóttir dags. 26. júní 2020, Sigrún L. Baldvinsdóttir dags. 26. júní 2020, Linus Orri dags. 27. júní 2020, Ármann Halldórsson og Bryndís Jóhannsdóttir dags. 27. júní 2020, Eyjólfur Már Sigurðsson, Elizabeth Ortega Lucio, Kolbrún Einarisdóttir, Gísli Þór Sigurþórsson og Sýlvía Hrönn Kristjánsdóttir dags. 28. júní 2020, Vésteinn Jónsson dags. 29. júní 2020, Kjartan Páll Sveinsson og Phoebe Jenkins dags. 29. júní 2020, Guðrún Erla Sigurðardóttir, Þorgeir J. Andrésson, Guðrún Ingibjörg Þorgeirsdóttir og Haukur Smári Hlynsson dags. 29. júní 2020, Ilmur Stefánsdóttir og Valur Freyr Einarsson dags. 29. júní 2020, Kjartan Sveinsson og María Huld Markan Sigfúsdóttir dags. 29. júní 2020, Guðný Helgadóttir, Valdimar E. Valdimarsson, Þorsteinn Geirharðsson og Þuríður Kristjánsdóttir dags. 30. júní 2020, Skólastjórnendur Drafnarsteins, Foreldrafélag Drafnarsteins og Foreldraráð Drafnarsteins dags. 30. júní 2020, Óskar Björgvinsson, Dórathea Margrétardóttir, María Björk Steinarsdóttir og Konstantín Shcherbak dags. 30. júní 2020 og Íbúasamtök Vesturbæjar dags. 30. júní 2020. Erindinu var vísað til umsagnar hjá verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. júlí 2020 og er nú lagt fram að nýju.  
Erindi fylgir Greinagerð Eflu um brunahönnun útg. 001-V03 dags. 6. apríl 2020, umsögn Minjastofnunar dags. 16. apríl 2020 og 25. febrúar 2020, skýrsla Fornleifastofunnar dags. júlí 2019 og afrit af bréfi Borgarráðs nr. R19050201 dags. 23. maí 2019. Einnig fylgir bréf hönnuðar vegna texta í umsókn dags. 20. apríl 2020. Stækkun 83,5 ferm., xx,xx. Gjald kr. 11.200  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

10. **Öldugata 44, Stækkun húss - mhl.1 og mhl.2** (01.134.201) Mál nr. BN057521  
Skjalnr. 6440

521108-1180 Ö44 ehf, Pósthólf 17, 121 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 28. apríl 2020 þar sem sótt er um leyfi til að breyta lóðamörkum milli lóða Öldugötu 44 og Brekkustígs 9 og til þess að byggja 6 íbúðir í nýbyggingum og með breytingum og viðbyggingum verði gerðar 2 íbúðir í núverandi húsum á lóð nr. 44 við Öldugötu. Erindi var grenndarkynnt frá 2. júní 2020 til og með 30. júní 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Sigríður Gunnarsdóttir dags. 8. júní 2020, Gunnar Helgi Kristinsson og María Jónsdóttir dags. 15. júní 2020, íbúaráð Vesturbæjar dags. 19. júní 2020, Heiðrún Kristjánsdóttir f.h. 20 íbúa að Brekkustíg, Bræðraborgarstíg, Drafnarstíg og Öldugötu dags. 20. júní 2020, 5 íbúar og eigendur að Öldugötu 42 dags. 23. júní 2020, Vilhjálmur Guðlaugsson og Edda Guðmundsdóttir dags. 25. júní 2020, Heiðrún Kristjánsdóttir dags. 26. júní 2020, Sigrún L. Baldvinsdóttir dags. 26. júní 2020, Ármann Halldórsson og Bryndís Jóhannsdóttir dags. 27. júní 2020, Eyjólfur Már Sigurðsson, Elizabeth Ortega Lucio, Kolbrún Einarisdóttir, Gísli Þór Sigurþórsson og Sylvía Hrönn Kristjánsdóttir dags. 28. júní 2020, Vésteinn Jónsson dags. 29. júní 2020, Kjartan Páll Sveinsson og Phoebe Jenkins dags. 29. júní 2020, Guðrún Erla Sigurðardóttir, Þorgeir J. Andrésón, Guðrún Ingibjörg Þorgeirsdóttir og Haukur Smári Hlynsson dags. 29. júní 2020, Ilmur Stefánsdóttir og Valur Freyr Einarsson dags. 29. júní 2020, Guðný Helgadóttir, Valdimar E. Valdimarsson, Þorsteinn Geirharðsson og Þuríður Kristjánsdóttir dags. 30. júní 2020, Kjartan Sveinsson og María Huld Markan Sigfúsdóttir dags. 29. júní 2020, Skólastjórnendur Drafnarsteins, Foreldrafélag Drafnarsteins og Foreldraráð Drafnarsteins dags. 30. júní 2020, Óskar Björgvinsson, Dórathea Margrétardóttir, María Björk Steinarsdóttir og Konstantín Shcherbak dags. 30. júní 2020 og Íbúasamtök Vesturbæjar dags. 30. júní 2020. Erindinu var vísað til umsagnar hjá verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. júlí 2020 og er nú lagt fram að nýju.

Stækkun: x.xx ferm., x.xx rúmm. Erindi fylgir bréf Minjastofnun dags. 25. febrúar 2020, afrit af beiðni um sölu á lóðarhluta Drafnarstígs 4 dags. 23. maí 2019, skýrsla Fornleifastofunnar um könnun á fornleifum á lóðunum Brekkustíg 9 og Öldugötu 44 dags. júlí 2019, greinargerð Eflu verkfræðistofu um val og hönnun brunavarna dags 6. apríl 2020 ásamt yfirliti breytinga dags. 20. apríl 2020. Gjald kr. 11.200

*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

11. **Rökkvatjörn 2, breyting á deiliskipulagi** (05.052.5) Mál nr. SN200532  
Skjalnr. 14215

671113-0390 Urðarsel ehf., Logafold 35, 112 Reykjavík  
500191-1049 Arkþing - Nordic ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. september 2020 var lögð fram umsókn Helga Mars Hallgrímssonar dags. 31. ágúst 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 2 við Rökkvatjörn. Í breytingunni felst að í stað einnar byggingar koma 3 punkthús með allt að 52 íbúðum, samkvæmt uppdr. Arkþing/nordic ehf. ódags. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

*Vakin er athygli á að erindið fellur undir lið 7.5 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

12. **Suðurgata 22, breyting á deiliskipulagi** (01.161.2) Mál nr. SN200639

Davíð Kristján Chatham Pitt, Skildinganes 11, 102  
701205-2000 Tvíeyki ehf., Skildinganesi 11, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Davíðs Kr. Pitt ark. dags. 12. október 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.161 vegna lóðarinnar nr. 22 við Suðurgötu. Í breytingunni felst að stækka byggingarreit á baklóð (vesturhlið) ásamt aukningu á byggingarmagni og nýtingarhlutfalli lóðar, samkvæmt uppdr. Davíðs Kr. Pitt ark. dags. 20. febrúar 2017 br. 27. nóvember 2017.

*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

13. **Urðarbrunnur 23-31, (fsp) færsla** (05.053.4) Mál nr. SN200612  
byggingarreits Skjalnr. 13486

450997-2779 Bygg Ben ehf., Vesturlbr Fífilbrekku, 110 Reykjavík  
570394-2079 Mansard - Teiknistofa ehf., Holtsbúð 27, 210 Garðabær

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. október 2020 var lögð fram fyrirspurn Jóns Hrafns Hlöðverssonar dags. 2. október 2020 ásamt greinargerð dags. 2. október 2020 um að færa byggingarreit að Urðarbrunni 23-25, lóð nr. 23-31 við Urðarbrunn, neðar í lóð þannig að unnt sé að koma fyrir bílastæðum. Einnig er lagður fram uppdr. ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. október 2020.

*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. október 2020 samþykkt.*

14. **Snorrabraut 54, breyting á deiliskipulagi** (01.193) Mál nr. SN200593  
Skjalnr. 5450

500191-1049 Arkþing - Nordic ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík  
510517-0830 Reir verk ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Sigurðar Hallgrímssonar dags. 22. september 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Heilsuverndarreits vegna lóðarinnar nr. 54 við Snorrabraut. Í breytingunni felst að lóð nr. 454 við Snorrabraut er stækkuð um 102 m<sup>2</sup> og lóð nr. 45A við Barónsstíg (Sundhöll Reykjavíkur) er minnkuð samsvarandi. Fyrirkomulag bílastæða á lóð Sundhallar breytist og bílastæðum fækkar lítillega. Einnig er gerð minni háttar breyting á byggingarreit Snorrabrautar 54 og byggingarmagn aukið um 400 m<sup>2</sup> (aðallega neðanjarðar). Lóðarmörk Snorrabrautar 56 eru lagfærð í samræmi við núverandi ástand, samkvæmt uppdr. Arkþings - Nordic ehf. dags. 17. september 2020.

*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

15. **Hamarshöfði 8-10, (fsp) 10 - bilaverkstæði** (04.061.5) Mál nr. SN200515  
Skjalnr. 14329

680618-0460 FYRR ehf., Norðurhelli 8, 221 Hafnarfjörður  
Dagur Rafn Ingvason, Framnesvegur 20A, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Dags Rafns Ingvarssonar dags. 24. ágúst 2020 um rekstur bilaverkstæðis í iðnaðarhúsnæði nr. 10 á lóð nr. 8-10 við Hamarshöfða. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. október 2020

*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. október 2020 samþykkt.*

16. **Laugateigur 28, Hækkun þaks - kvistir** (13.651.03) Mál nr. BN058257  
Skjalnr. 14266

Arnar Geir Ómarsson, Laugateigur 28, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. október 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 6. október 2020 þar sem sótt er um leyfi til að hækka þak og setja kvisti á hús á lóð nr. 28 við Laugateig. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. október 2020.

Erindi fylgir samþykki meðeiganda á lóð, ódagsett. Gjald kr. 11.200

*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. október 2020 samþykkt.*

17. **Starhagi 5, ósk um umsögn - 2020090252** (01.53) Mál nr. SN200586  
Skjalnr. 14348

530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. september 2020 var lagt fram erindi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar dags. 17. september 2020 vegna umsóknar um hæsnahald á lóð nr. 5 við Starhaga, en óskað er eftir umsögn um hvort heimilt er að vera með hæsnakofa upp við lóðarmörk og að gerði fari út fyrir lóð, samkvæmt skissu á afstöðumynd ódags. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. október 2020. Jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. október 2020.

*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. október 2020 samþykkt.*

18. **Kjalarnes, Varmadalur, (fsp) skipting** Mál nr. SN200630  
*lands/breyting á stærð lóða* Skjalnr. 10167

610116-1830 MG Lögmenn ehf., Háholti 14, 270 Mosfellsbær

Lögð fram fyrirspurn MG lögmanna ehf. dags. 9. október 2020 ásamt bréfi dags. 7. október 2020 um skiptingu á landi Varmadals á Kjalarnesi sem felst í að breyta stærð lóða nr. 125768, 125907 og 202099 þannig að hver lóð verði 1,5 hektarar að stærð. Einnig er lagt fram umboð dags. 12. mars 2019 ásamt fylgigögnum.

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

19. **Kjalarnes, Varmadalur 1, (fsp) setja** Mál nr. SN200640  
*smáhýsi/gestahús á lóð* Skjalnr. 10167

Gísli G Gunnarsson, Hringbraut 17, 220 Hafnarfjörður  
Egill Sveinbjörn Egilsson, Varmadalur 1, 162

Lögð fram fyrirspurn Gísla G. Gunnarssonar dags. 13. október 2020 um að setja smáhýsi/gestahús á lóð nr. 1 við Varmadal á Kjalarnesi, samkvæmt fyrirspurnaruppr. Kvarða dags. 29. september 2020. Einnig er lögð fram yfirlitsmynd þar sem fyrirhuguð staðsetning smáhýsis/gestahúss er sýnd.

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

20. **Lækjargata 1, deiliskipulag** (01.17) Mál nr. SN200645  
Skjalnr. 14355

510391-2259 Framkvæmdasýsla ríkisins, Borgartúni 7, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn Framkvæmdasýslu ríkisins dags. 14. október 2020 ásamt bréfi dags. 14. október 2020 um nýtt deiliskipulag fyrir lóðina nr. 1 við Lækjargötu, lóð forsætisráðuneytisins og stjórnarráðshússins, vegna áforma um viðbyggingu við Stjórnarráðshúsið fyrir starfsemi forsætisráðuneytisins. Einnig er lögð fram vinningstillaga Kurt og Pí arkitekta frá árinu 2018 og umboð forsætisráðuneytisins dags. 14. október 2020.

*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

21. **Urðarstigur 16A, Steinsteipt einbýlishús,** (11.864.05) Mál nr. BN058084  
*tvær hæðir og ris.* Skjalnr. 11893  
Guðmundur Már Ástþórsson, Hilmisgata 3, 900 Vestmannaeyjar  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. september 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 22. september 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteipt einbýlishús, tvær hæðir og ris, á lóð nr. 16A við Urðarstíg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. október 2020.  
Erindi fylgir hæðablað dags. mars 2006 og mæliblað dags. 30. júlí 2014, einnig umsögn Minjastofnunar dags. 27. apríl 2020 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. maí 2020.  
Stærð: 158,6 ferm., 453,9 rúmm. Gjald kr. 11.200  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. október 2020 samþykkt.*
22. **Gamla höfnin - Vesturbugt, reitir 03 og 04,** (01.0) Mál nr. SN200626  
*breyting á deiliskipulagi* Skjalnr. 12229  
Pálmar Kristmundsson, Aðalstræti 25, 470 Þingeyri  
430317-0910 Vesturbugt ehf., Borgartúni 20, 105 Reykjavík  
680504-2880 PK Arkitektar ehf., Brautarholti 4, 105 Reykjavík  
Lögð fram umsókn Pálmars Kristmundssonar dags. 7. október 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vesturbugar, Gamla höfnin, vegna reita 03 og 04. Í breytingunni felst að göturými Hlésgötu er bætt við reiti 03 og 04 og stækka svæðin sem því nemur, fjölga íbúðum úr 170 í 190, heimilt verði að breyta 3 raðhúsum á reit 03 í fjölbýlishús með því að tengja þau húsinu við hliðina (Mýrargata) með svalagangi, heimilt verði að breyta 2 x 3 raðhúsum á reit 04 í fjölbýlishús með því að tengja þau hornhúsunum sín hvoru megin með svalagöngum, heimilt verði að nýta jarðhæð á suðvestur horni á reit 04 fyrir allt að 7 íbúða búsetuúrræðiskjarna o.fl., samkvæmt uppdr. PK Arkitekta ehf. dags. 9. september 2020.  
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*  
*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*
23. **Skriðustekkur 1-7, breyting á deiliskipulagi** (04.616.3) Mál nr. SN200570  
Skjalnr. 13550  
Sigríður Arngrímsdóttir, Nýbýlavegur 56, 200 Kópavogur  
Sandra María Steinarsdóttir Polanska, Skriðustekkur 1, 109 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 2. október 2020 var lögð fram umsókn Sigríðar Arngrímsdóttur dags. 16. september 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Breiðholts I vegna lóðarinnar nr. 1-7 við Skriðustekk. Í breytingunni felst að gerður verður nýr byggingarreitir fyrir annars vegnar stækkun á bílskúr og hins vegar stækkun á núverandi íbúðarhúsi við Skriðustekk 1, samkvæmt uppdr. Arkotek dags. 16. september 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Skriðustekk 3, 5 og 7 og Lambastekk 2 og 4.*  
*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6.gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*
24. **Guðrúnartún 8, skemma á baklóð** (01.216.3) Mál nr. SN160734  
Skjalnr. 7810  
710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Hátúni 2B, 105 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. september 2016 var lagt fram bréf T.ark arkitekta ehf., dags. 30. ágúst 2016, þar sem óskað er eftir framlengingu á samning sem gerður var 29. janúar 2013 við Reykjavíkurborg um niðurrif á skemmu á baklóð nr. 8 við Guðrúnartún. Óskað er eftir að skemman fái að standa næstu 8-10 árin. Erindinu var vísað til meðferðar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
*Ekki gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.*
25. **Þórsgata 27, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.181.3) Mál nr. SN200610

Bjarni Frimann Karlsson, Þórsgata 27, 101 Reykjavík  
431005-0690 P ARK teiknistofa sf, Laugavegi 59, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. október 2020 var lögð fram fyrirspurn Páls V Bjarnasonar dags. 2. október 2020 um breytingu á deiliskipulagi Lokastígsreits 3 vegna lóðarinnar nr. 27 við Þórsgötu sem felst í að hækka þak og setja kvisti á fram- og bakhlið hússins ásamt því að setja svalir á bakhlið hússins með tröppum niður í garð, samkvæmt uppd. P ARK teiknistofu sf. dags. 2. október 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra. og er nú lagt fram að nýju. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. október 2020.

*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. október 2020 samþykkt.*

26. **Kópavogur, drög að skógræktaráætlun - ósk um umsögn**

Mál nr. SN200633  
Skjalnr. 8439

700169-3759 Kópavogsbær, Digralesvegi 1, 200 Kópavogur

Lagt fram bréf Kópavogsbæjar dags. 8. október 2020 þar sem óskað er eftir umsögn um drög að skógræktaráætlun dags. 1. júlí 2020 á svæði á Lakheiði í Lækjarbotnum sem skilgreint er sem skógræktar- og uppgræðslusvæði í Aðalskipulagi Kópavogs.

*Vísað til umsagnar skrifstofu umhverfisgæða og deildarstjóra aðalskipulags.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:50.

Björn Axelsson,

Ágústa Sveinbjörnsdóttir,

Helena Stefánsdóttir

Vigdís Þóra Sigfúsdóttir.